


Menningarbrú

Menningareflandi framhaldsskólar

Lokaskýrsla 31.maí 2015



Gréta Mjöll Bjarnadóttir
Hugrún Þorsteinsdóttir
Iðunn Thors

Efnisyfirlit

Menningarbrú.....	1	Dagskrá.....	15
Efnisyfirlit.....	2	Mynd.....	16
Þrjár framhaldsskólar.....	3	Fræðsla.....	17
Menningareflandi framhaldsskólar.....	4	Mynd.....	18
Forsendur umsóknar.....	5	Spjallið.....	19
Markmið verkefnisins.....	6-7	Mynd.....	20
Til að ná markmiðum okkar.....	8	Tengsl við list-og menningarstofnanir.....	21
Margmiðlunarefnið.....	9	Helstu hindranir við vinnu verkefnisins.....	22
Leiðir til ná settum markmiðum.....	10	Ávinningur af verkefninu.....	23-25
Vefurinn menningarbrú.is.....	11	Kynning á vefnum.....	26
Mynd.....	12	Áætlun um framhald.....	27
Efnisflokkar.....	13	Framtíðarsýn.....	28-29
Mynd.....	14	Lokaorð.....	30

Þrjár framhaldsskólar

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti með öfluga listnámsbraut.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla með nýja nýsköpunar- og listabraut.

Menntaskólinn við Hamrahlíð er með kjörsvið á opinni braut og á IB braut.



Menningareflandi framhaldsskólar

Aðstandendur verkefnisins eru fjórir listkennarar úr þremur framhaldsskólum sem kenna listir á sitt hvorn hátt.

Við sóttum um styrk til að útfæra vef sem kæmi til móts við þarfir nemenda og okkar sem kennarar.

Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt og listgreinakennari.

Gréta Mjöll Bjarnadóttir myndlistamaður og listgreinakennari.

Íðunn Thors myndlistamaður og listgreinakennari.

Elín Þóra Rafnsdóttir myndlistamaður og listgreinakennari.



Forsendur umsóknar

- Hugmynd "menningareflandi framhaldsskólar,, efling lista- og menningar í skólum.
- Mikilvægi reynsluheimsins – að vera þátttakandi í listviðburðum en ekki utangarðs, þekkja tungutak, eftirsóknarverð gildi, leikendur og umhverfi „sviðsins“ tækifæri þess og möguleika.
- Áhersla á tengingu hins skapandi einstaklings við umhverfið.
- Þekkingu einstaklingsins til að opna möguleika sína og öðlast dýpri skilningi á fjölbreyttri flóru lífsgilda.

Í starfi okkar sem framhaldsskólakennarar sjáum við að það þarf að bæta aðgengi ungs fólks að menningarupplifunum og menningarfræðslu.

Þar hafa skólarnir miklu hlutverki að gegna en það er þörf fyrir upplýsingarvef til að auðvelda þetta aðgengi. Framhaldsskólar landsins eru sem spegill íslensks samfélags, þar er samankominn hópur fólks með ólíkan bakgrunn af ólíkum uppruna. Listin er alþjóðlegt tungumál, að hlusta á tónlist, horfa á danssýningu eða málverk allt eru þetta miðlar þar sem að orð eru óþörf en byggist á sammannlegri reynslu.

Listastofnanirnar eru sem miðstöð alþjóðlegra tengsla og því er öflug tenging framhaldsskólanna við þær mjög mikilvæg í ljósi fjölmenningslegs skólastarfs.

Markmið verkefnisins

Í nýrri námskrá tengist lykilhæfni öllum námssviðum og snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð á eigin námi.

Meginmarkmið verkefnisins "menningareflandi framhaldsskólar" byggir á þeirri forsendu og lykilhæfni til að auka menningarlæsi ungs fólks og gera hana merkingabærari fyrir þann aldurshóp.

Markmiðið var að styrkja tengsl framhaldsskóla við menningarstofnanir í landinu og þar með auðvelda aðgengi hóps fólks á menntaskólaaldri að því að njóta menningar þjóðarinnar.

Verkefnið er hugsað fyrir alla framhaldsskólanemendur þvert á deildir og ýtir það undir þverfaglegt nám. Annað markmið er árangursríkt læsi s.s. menningarlæsi en læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýnin hátt og taka þátt í að móta það.

Takmarkið er að listir og menning verði mikilvæg lífsgildi í lífi framhaldsskólanemenda.

Markmið verkefnisins.. framhald

Nemendur tengja reynslu sína náminu og skilgreina þekkingu sína og gildi hennar fyrir sig. Þetta byggir á skapandi leið í námi, margvíslegu ferli, þróun og upplifun, greiningu og mati.

Nemendur njóta listviðburða, skoða og greina menningu landsins, listrænar forsendur og ígrunda gildi menningar fyrir eigin veruleika í nútíð og framtíð.

Markmiðin að baki því eru tvíþætt: annars vegar gildi alhliða þroska hvers og eins nemanda og hins vegar að tengja saman þekkingu fortíðar og framtíðar.

Til að ná markmiðum okkar höfum við unnið að:

Módeli/tengslaneti í formi margmiðlunarefnis milli skólanna og menningarstofnananna sem tengist menningararfi í víðum skilningi s.s. sjónlistum, sviðslistum, bókmenntum, fornminjum, margmiðlun og kvikmyndagerð og er öllum gert jafn hátt undir höfði, klassískum þáttum sem og nýsköpun.

Markmiðið er að efla menningarlæsi, menningarþekkingu og upplifun. Nemendur eru þátttakendur, gerendur, njótendur og jafnvel mótandi aðilar að <http://www.menningarbru.is>

Þetta módel í formi margmiðlunarefnis/vefs nýtist nemendum og kennurum á margvíslegan hátt;

Margmiðlunarefni/vefurinn <http://www.menningarbru.is> myndar ramma og skipulag námsins með dagskrá um viðburði, kynningu á náminu og tengiliðum, stofnunum, í því er einnig vísun í heimildir og ítarefni. Þetta efni byggir á hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð á eigin námi.

Í þessum ramma /módeli eru viðburðir í samvinnu við stofnanir, söfn, samtök og félög. Í módelinu verða verkefni sem byggja á menningarlæsi og lykilhæfni námskrár, margs konar skilgreining á mati, sjálfsmatsblöð, jafningjamatsrammar og ýmsar leiðir til ígrundunar. Unnið er að þessum þætti jafnt og þétt.

Margmiðlunarefnið

Margmiðlunarefnið er einnig vettvangur vinnu nemenda. Inn í vefinn er hægt að safna verkefnum, glósum, myndum, rannsóknarvinnu nemenda og upptökum, myndrænum og hljóðrænum.

Mörg tæki eru með möguleika til meiri úrvinnslu efnis eftir á. "App" aðgengi fjölgar möguleikum verkefnisins. Nemendur tengja reynslu sína náminu og skilgreina þekkingu sína og gildi hennar fyrir sig. Þetta módel, menningareflandi framhaldsskólar, byggir á skapandi leið í námi, margvíslegu ferli, þróun og upplifun, greiningu og mati. Nemendur njóta listviðburða, skoða og greina menningu landsins, listrænar forsendur og ígrunda gildi menningar fyrir eigin veruleika í nútíð og framtíð.

Markmiðin að baki því eru tvíþætt: annars vegar gildi alhliða þroska hvers og eins nemanda og hins vegar að tengja saman þekkingu fortíðar og framtíðar.

Hægt er að tengja vefinn facebook og deila viðburðum þar og á fleiri samfélagsmiðla.

Leiðir til að ná settum markmiðum

Í verkefninu var valin sú leið að ráða fagmenn, sprotafyrirtækið Tóngreinir til þess að vinna með okkur að forritun og uppsetningu vefs og apps. Eigendur þess eru ungir hugbúnaðarsérfræðingar; rafmagnsverkfræðingur, tölvunarfræðingur og margmiðlunarfræðingur.

Sú ákvörðun að kalla til sérfræðinga á þessu sviði byggðist á þeirri trú okkar, markmiðum og framtíðarsýn að best væri að verkefnið væri vel unnið og útfært frá grunni þannig að það ætti sem mesta framtíðarmöguleika. Margar góðar hugmyndir og þróunarverkefni daga því miður upp en við höfðum trú á gildi þessa verkefnis og lögðum því metnað í að setja þetta hugverk/verkefni vel af stað.

Þegar vinnu Tóngreinis lauk og vefurinn opnaði sáum við að það var nauðsynlegt að hafa tæknimanneskju við vefumsjón og aðstoð við þá sem þurfa á því að halda.

Helstu menningastofnanir á höfuðborgarsvæðinu svo sem Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Gerðasafn, Hafnarborg, Listasafn Einars Jónssonar, Árnastofnun, Tónlistarsafn Íslands, Harpa tónlistarhús, Íslenska óperan, Sinfoníuhljómsveit Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Akureyrar og eru tengdar vefnum í dag en unnið að tengingum við fleiri list- og menningarstofnanir um allt land og gera tengslanetið þannig enn heildsteyptara.

Vefurinn <http://www.menningarbru.is>


Uppbygging vefsins:

Dagskrá með upplýsingum frá söfnum og menningarstofnunum raðað eftir **Efnisflokkum**.

Dagatal þar sem menningarviðburðum er raðað eftir dagsetningum.

Fræðsluefni um alla efnisflokka.

Spjall sem er opið nemendum og öðrum til að miðla efni.



EKKI MISSA AF:

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK IV: GYÐA VALTÝSDÓTTIR

LEITA AÐ VIÐBURÐ
Leita að viðburð

FINNA VIÐBURÐ



VÆNTANLEGIR VIÐBURÐIR

DANS


KVIKMYNDIR

LEIKLIST

MENNING

MYNDLIST

TÓNLIST




HOLNING / PHYSIQUE Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir

14. maí kl. 14:00 - 7. júní kl. 17:00
Verið velkomin á opnun í Týsgallerí.
Fimmudaginn 14. maí, klukkan 14, opnar í
Týsgallerí sýningin Holning / Physique með
verkum Bryndíslar Hrönnar Ragnarsdóttur.
Sýningin stendur til 7. júní. Sýningin er...



Misty Rain // Ásdís Sif Gunnarsdóttir

14. maí kl. 16:00 - 26. júní kl. 17:00
OPNUN FIMMTUDAGINN 14. maí kl. 16:00
- 18:00 (English follows) Hverfegallerí
lýnnir fyrstu einkasýningu Ásdíslar Sifjar
Gunnarsdóttur hjá galleríinu sem er
jafnframt hluti af Listahátíð í Reykjavík.
Sýningin, Misty Rain,...



Birting // Illumination (15.05-2.08.2015), Gerðarsafn - Kópavogur - Art Museum

15. maí kl. 20:00 - 2. ágúst kl. 17:00
Birting Birting er samsýning á verkum eftir

DAGSKRÁ

« Sjá alla viðburði

Dagsetning

Frá:

15. maí 2015

kl: 20:00

Til:

2. ágúst 2015



kl: 17:00

Staður

Hamraborg 4, 200 Kópavogur

Sími

5700440



Birting // Illumination (15.

Birting

Birting er samsýning á verkum eftir íslenska samtímalistamenn sem unnin eru út frá steindum gluggum Gerðar Helgadóttur (1928-1975) í Skálhótskirkju, Kópavogskirkju og víðar. Sýningunni er ætlað að vekja okkur til umhugsunar um staði á borð við söfn og kirkjur og þær athafnir sem þessum stöðum fylgja. Hvort sem um er að ræða formlegar, lágstemmdar eða hátíðlegar framsetningar hafa þær skýr áhrif á skyrjun og upplifun áhorfendans. Taktífast form og litasamsetningin einkenna gluggainsetningu Gerðar í Kópavogskirkju og mynda einskonar helgirými flæðandi forms óháð beinum trúarlegum vísunum, en er fremur ætlað að snerta áhorfandann með aluækum og tillíningalegum hætti. „Kirkjuleg“ eða „trúarleg“ þemu munu á

DAGSKRÁ/NÁNAR

DANS

KVIKMYNDIR

MENNING

SJÓNLISTIR

TÓNLIST

LEIKLIST

Efnisflokkar

Vefnum er skipt í nokkur svið;

Dans, Kvikmyndir, Leiklist, Menning, Myndlist, Sjónlist og Tónlist.

Hægt er að skoða viðburði eftir flokkunum og líka eftir dagsetningum.



Fræðsla

« Sjá allt

DANS **MENNING** **MYNDLIST** **TÓNLIST**

Hvað er menning ítarefni

Sed ut perspiciatis unde omnis iste natus error sit voluptatem accusantium doloremque laudantium, totam rem aperiam, eaque ipsa quae ab illo inventore

Nánar hér

Deila:



Bogataekni fyrir fiölu Verkefni

„Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis aute inure dolor in reprehenderit in voluptate velit esse cillum dolore eu fugiat nulla pariatur. Excepteur sint occaecat cupidatat non proident, sunt in culpa qui officia deserunt mollit anim id est laborum.“

Deila:




MENNINGARBRÚ


Menningarfræðsluframhaldsskólar Markmið vefsins er að auka menningarvitund ungs fólks og gera listir og menningu aðgengilegra fyrir framhaldsskólanemendur. Vefurinn tengir framhaldsskóla við menningarstofnanir í landinu og auðveldar þar með nemendum aðgengi að menningu þjóðarinnar.

Bláan er þrískipt; Dagskrá um menningarviðburði á lífandi stundu, fræðsluá með efni sem nýtt sem jtarefni við menningarupplifunina og spjall þar sem gestir síðunnar geta m.a. miðað upplifunum sínum og bent á stýrsliverða viðburði.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Þú og 83 aðrir hvarfðir að meðal Menningarbrú



Facebook félagleg tenging



SPJALLIÐ

Lifandi spjallborð



4. maí 2015

Andy Warhol og Popp

Andy Warhol er fæddur í Filadelfíu árið 1928. Hann hóf starfsferil sinn sem auglýsingateiknari en vann á sama tíma við gluggaústillingar auk þess sem hann var kvikmyndaleikstjóri. Warhol er þó langþekktastur fyrir störf sín sem popplistaáður.

Popplist (a.k.a. Pop-art) er myndlistastefna sem kom fram í Bandaríkjunum um miðja síðustu öld eða á árunum 1950-1960. Á sama hátt og byrjað var að kalla vinsæla tónlist popptónlist þá var vinsæl myndlist kölluð popplista.

Ástæðan fyrir því að stefnan fékk heitið



Penelope Umbrico

Penelope Umbrico fæddist árið 1957 í Pennsylvaníu. Hún hefur stundað nám við Ontario College of Art í Toronto og The School of Visual Arts í New York. Hún er listakona og er best þekkt fyrir að raða saman mörgum myndum sem hún finnur í leitarvélum og á vefsíðum í eina stóra mynd. Eitt hennar þekktasta verk, „Suns from Flickr“ byrjaði árið 2006 þegar hún skeytti saman 541,795 myndum af söllum sem hún fann á vefsíðunni Flickr. Þessar myndir fann hún þegar hún var að reyna að finna út hvað hefði oftast verið ljósmyndað á síðunni, en „sunset“ eða sólarlag var algengasta ljósmyndaefnið á síðunni þá. Þegar hún skrifaði orðið sunset í leitarvél síðunnar fékk hún



Hip Hop & Tíska

„Viðar buxur, bol og húfa og ekkert gel.“

Lína sem flestir sem þekkja einhvað til íslensk rapps ættu að kannast við. En hún kemur úr klassíska laginu Blautt malbik í Reykjavík með XXX Rottweiler Hundar, af plötunni Þú Skuldar.

Já fyrir sumum væri þetta einföld lýsing á hip hop tískunni og þyrfti ekki segja neitt meir um það.

En eins og einföld og hún gæti litið út fyrir að vera, þá er ekki allt sem sýnir.

Hip hop tiskan á rætur sínar að rekja alla leið til ársins 1988 og jafnvel lengra. En á

Dagskrá

Söfnin og menningarstofnanirnar setja sjálf inn það efni sem fer inn á vefinn.

Viðmótið er þægilegt og auðvelt að móta.

Vefurinn er tengdur við facebook og öðrum samfélagsmiðlum.

Viðburðir í dagskrá raðast eftir dagsetningum.

Flettigluggi er á forsíðu með myndum sem tengjast viðburðum.

Hægt er að velja viðburði og setja inn í sitt eigið viðburðadagatal í síma/i-pad.

Hægt er að hægt að finna viðburði og leita eftir flokkum.

Menningarbrú + Dagskrá Fræðsla Spjallið

EKKI MISSA AF:
MYNDIR ÁRSINS 2014

LEITA *Leita* LEITA VIÐBURÐA

Viðburðir fyrir febrúar 2015

Dans Kvikmyndir Leiklist Menning Myndlist Sjónlistir Tónlist

MÁNUDAGUR ÞRIÐJUDAGUR MIÐVIKUDAGUR FIMMTUDAGUR

JAN 10 ANDVARI
@ Listasafni Kópavogs - Gerðarsafn

Sýningin Andvari eftir Valgerði Hafstað (1930-2011) var opnuð í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni 10. janúar og stendur til 22. janúar. Valgerður Hafstað nam myndlist í íkjavík, Kaupmannahöfn og París, en þar li hún einnig mósalkeró ásamt

JAN 10 STÚDÍÓ GERÐAR
@ Listasafni Kópavogs - Gerðarsafn

Stúdíó Gerðar Helgadóttur er fræðslu- og upplifunarsýning þar sem sýningargestum býst að lita á bak við tjöldin og forvitnast um listsköpun Gerðar úr frá vinnustofunni. Sett hefur verið upp tilraunavinnustofa sem telur mið af vinnustofu Gerðar Helgadóttur. Fjölbreytt og skapandi verkefni gefa gestum, ungum sem öldnum, tækifæri til að taka virkan þátt í uppbyggingu sýningarinnar. Með

JAN 31 GGG: GREMLINS, GOONIES & GHOSTBUSTERS
@ Bló Paradís

GGG er myndlistasýning þar sem u.þ.b. 30 myndlistamenn sýna verk tileinkað þremur ástsæslustu kvikmyndaverkum 9. áratugarinnar. Gremlins, Goonies & Ghostbusters. Sýningin opnar í Bló Paradís á hreikjavíkunni, 31. október næstkomandi og stendur yfir í tveir vikur. Blóðið mun auk þess taka hina heilögu þrenningu til sýninga svo þú og þínir geta notið þeirra á ný. Gremlins verður sýnd kl 18:00, The Goonies verður sýnd kl 20:00 og Ghostbusters verður sýnd kl 22:00. Listafólk sé sem tekið á við G-in þínu enzAlma Mjöll ÓlafsdóttirBernd...

Skiða viðburð »

EKKI MISSA AF:
MYNDIR ÁRSINS 2014


LEITA *Leita* LEITA VIÐBURÐA

Viðburðir fyrir febrúar 2015

Dans Kvikmyndir Leiklist Menning Myndlist Sjónlistir Tónlist

MÁNUDAGUR ÞRIÐJUDAGUR MIÐVIKUDAGUR FIMMTUDAGUR

Andvari
janúar 10, 2015 @2:00 e.h. - febrúar 22, 2015 @5:00 e.h.



Sýningin Andvari eftir Valgerði Hafstað (1930-2011) var opnuð í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni 10. janúar og stendur til 22. janúar. Valgerður Hafstað nam myndlist í Reykjavík, Kaupmannahöfn og París, en...

2	3	4	5	6	7	8
Sníjóenglage á Klambratún	Sníjóenglage á Klambratún	Sníjóenglage á Klambratún	Sníjóenglage á Klambratún	Andvari	Andvari	Andvari
Andvari	Andvari	Andvari	Andvari	Stúdíó Gerðar	Stúdíó Gerðar	Stúdíó Gerðar
9	10	11	12	13	14	15
Andvari	Andvari	Andvari	Andvari	Andvari	Andvari	Andvari

FRÆÐSLA

Markmið að efnið auki hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð á eigin námi.

Söfnin og menningarstofnanirnar geta sett inn fræðslu um ákveðin mála- og efnisflokk.

Kennarar sem hafa óskað eftir aðgengi geta sett inn fræðsluefni í viðkomandi listgrein/greinum.

Margir kennarar hafa hugmyndir um notkun vefsins og einnig hafa list- og menningarstofnanir hugmyndir um að tengjast framhaldsskólanemendum sérstaklega.

Þjóðminjasafnið, Árnastofnun, Tónlistasafn Íslands og fleiri eiga fræðsluefni sem á eftir að tengja <http://www.menningarbru.is>

Fjölbreytt fræðsluefni s.s. kennsluefni, nemendaverkefni og matsblöð.

Stefnt að því að kennarar og nemendur geti unnið sjálfstætt með efni.

Efnið muni nýtast framhaldsskólum og öðrum sem hafa áhuga listum og menningu.



Fjöðrin

LISTAVERKID:

Veggmynd af fjöður, máluð með utanhúsmálningu, sem þegar betur er að gáð, er samsett úr fuglum. Fjöðrin er mynduð úr 43 fuglum af 23 tegundum, far- og staðfugla, sem skapa eina heild. Hver fön í fjöðrinni er máluð sem fuglshamur með fimm litum. Í efsta hluta fjaðrarinnar eru fálkar og eftir því sem neðar dregur er að finna gæsir og endur og aðrar smáaxnari fuglategundir. Verkið byggir á vatnslitamyndum Söru Riel, af sýningunni Memento mori í Listasafni Íslands þar sem að hún sótti innblástur á náttúrugripasöfnum. Í undirbúningi fyrir sýningu heimsótti Sara náttúrugripasöfn í þeim tilgangi að skissa fuglshama og nýta í listsköpun sinni.

LISTAMAÐURINN:

Sara Riel (1980) stundaði nám við listasvið Fjölbautarskólans í Breiðholti og síðar við Listaháskóla Íslands 2000-2001 og Weißensee Listaháskólann í Berlín 2001-2005. Sara Riel hefur vakið eftirtekt fyrir „strætislistaverk“ sín í Reykjavíkurborg sem og í fleiri borgum víða um heim. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga hér á landi og erlendis í minni galleríum sem og og virtum sýningar-sólum. Sara er meðlimur í Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur og alþjóðlegu strætislistagengi sem nefnist Big Geezers.

LISTAMAÐUR:
SARA RIEL
STAÐSETNING:
ASPARFELLI 2-12
ÁR: 2014
HÆÐ: 17 METRAR
BREIDD: U.P.B. 3
METRAR
GREIN: VEGGMYND
UNDIRGREIN:
MÁLVERK

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

- Hvaðan fá listamenn hugmyndir að listaverkum sínum?
- Hvernig eru veggmyndir gerðar?
- Hver er munurinn á grafiti og veggmynd?
- Væri hægt að búa til fjöður en nota útlínur annara dýrategunda?
- Hvaða áhrif hefur skugginn á veggmyndina?



FRAMKVÆMD:

Nemendur leita að „grafítu“ verki í sínu nánasta umhverfi. Hverju vill viðkomandi miðla með grafitinu? Má sjá skýra sögu eða frásögn í verkinu?



FRAMKVÆMD:

Kynnið ykkur nánar strætislistamenn og verk þeirra til dæmis þá sem eru í sömu samtökum og Sara Riel.



FRAMKVÆMD:

Teiknaðu upp útlínur að dýri með hliðsjón af verkinu Fjöðrin sem er samsett úr útlínum margra dýra.



FRAMKVÆMD:

Ímyndið ykkur að vængurinn sé hluti af lifandi dýri, hvernig liti það út? Teiknið eða gerið líkan af hugmyndum ykkar.



FRAMKVÆMD:

Ef að þú fengir tækifæri til að gera stórt vegglistaverk fyrir Breiðholt, hvernig myndi það líta út? Hvaða hugmynd býr þar að baki?



„Markmiðið mitt er að endurspegla, endursegja og endurraða þáttum úr náttúrunni og sögusögnum. Útkoman úr rannsóknnum mínum færir ég í stílinn. Stíllinn á sinn uppruna í grafískri hönnun, teiknimyndum/myndskreytingum og strætislist/graffiti. Ég reyni að dansa á ósýnilegri línu á milli myndlistar og hönnunar.“

Hugtök

TÁKN:

Fjöðrin gæti verið tákn fyrir fjölbreytilegt mannlíf í Breiðholti.

VEGGMYND:

Myndefni eða listaverk sem unnið er beint á vegg og getur verið bæði innan sem utan-dyra.

GRAFÍTI / STRÆTISLIST:

Eru skrif eða teikning sem hefur verið krotuð, teiknuð kröfsuð eða sprejuð á vegg eða annað yfirborð, í flestum tilvikum, í almenningsrými. Strætislist er talin vera utangarðslist, í henni birtast oft andóf og stundum er hún ólögleg.

ÚTLISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettir eru úti og í flestum tilfellum í almenningsrými.

FALLSKUGGI:

Er sá skuggi sem fellur af hlutum þegar ljós eða birta fellur á hann. Fallskuggi í teikningu er notaður til þess að skapa þrívíddaráhrif.

SPJALLIÐ


Spjallið er hugsað sem eins konar “upphengitafla”.

Þar má koma óskum á framfæri t.d. vantar módel í ljósmyndun, vantar bassaleikara o.s.frv.



Auglýsa t.d. nemendaviðburði í skólunum sem öðrum er boðið á eins og “leikfélagið auglýsir leiksýningar”.

Listasafnið/gallerí X óskar eftir aðstoðarfólki að hengja upp sýningu.

Þar geta nemendur komið verkefnum sínum og verkum á framfæri hvort sem er í texta- eða myndformi eða bæði og síðan er hægt að deila á samfélagsmiðlunum.



Vefviðmótið lagar sig að skjám bæði í síma og spjaldtölvum. Einnig er búið að leggja grunninn að app-viðmóti.



Tengsl við list- og menningarstofnanir

Allar list- og menningarstofnanir sem við höfðum samband sem leitað hefur verið til hafa verið fúsar til samstarfs og verkefninu hefur verið tekið fagnandi. Þessi tengsl er grundvöllur vefsins. Sá meðbyr sem við höfum fundið er mótaður af sterkri þörf fyrir aukna tengingu og samræðu á milli menningarstofnanna og framhaldskólanna. Í Menningarbrúnni er sá grundvöllur skapaður. Hún er í senn almenn upplýsingaveita um það sem er helst á döfinni í menningu landsins auk kennsluefnis því tengdu.

Margir forsvarsmenn stofnana hafa látið í ljós mikla ánægju með þetta kærkomna framtak og lagt inn hugmyndir að frekari mótun verkefnisins. Við höfum rætt að nemendur geta tengst stofnununum í margs konar verkefnum t.d. talað inn á hljóðskrár (safnaleiðsögn) eða hjálpað til við upphengingu á sýningum, verið með jafningjaleiðsögn um sýningar o.s.frv. Vilji er fyrir að skapa lokað spjallsvæði þar sem að stofnanir, kennarar og nemendur geti haft bein samskipti sín á milli.

Helstu hindranir við vinnu verkefnisins

Verkefnið er komið í góðan farveg en vert er að minna á að verkefnið fékk ekki fullan styrk samkvæmt fjárhagsáætlun 2014 né styrk 2015 en það hefði án vafa skilað okkur lengra.

Verkefnið hefur þróast út í að vera mjög tæknilegs eðlis. Við höfum þurft að sækja tækniþekkingu til utanaðkomandi aðila og sú vinna hefur verið kostnaðarsöm.

Við byrjuðum fjórar í verkefninu en vegna mikillar vinnu við það óskaði ein eftir því að losna.

Það hefði verið gaman að gefa sig 100% í þetta gríðarstóra verkefni, en sem framhaldsskólakennarar í fullu starfi og hafa unnið að þessu í frítíma okkar getum við verið stoltar af þessari vinnu okkar og afrakstrinum.

Það er hægt að líta á það sem hindrun að gerð vefsins er ekki lokið en það er jafnframt helsti kostur þess. Þannig stöndum við enn með ábyrgðina á því að vefurinn hafi notagildi áfram.

Ávinningur af verkefninu

Afrakstur verkefnisins og afurð er <http://www.menningarbru.is> og app sem þegar er búið að hanna og er vistaður hjá einum þáttökuskólanna.

Það má telja það til ávinninga að verkið er hafið og búið er að mynda tengsl við list- og menningarstofnanir sem eru jákvæðir gagnvart frekara samstarfi.

Stór ávinningur af verkefninu væri ef tækist að auka hæfni nemenda til menningarlæsis og menningarupplifunar.

Markmið með náminu er í framtíðinni en efniviðurinn er reynsla nútíðar.

framhald

Ávinningur af verkefningu.. framhald

Vefurinn hefur augljóst hagnýtt notkunargildi þegar fleiri og fleiri byrja að nota hann; kennarar, nemendur og almenningur.

Notkun nemenda á vefnum eykur hæfni þeirra til menningarlæsis og menningarupplifunar og býr þau undir þátttöku í þjóðfélagi með fjölbreytta menningu.

Vegna þess að nemendur geta líka miðlað á milli skólanna; sýningum, tónleikum og menningaruppákomum, opnar það möguleika á sameiginlegum uppákomum og samvinnu milli skóla og getur vakið athygli á fjölskrúðugri menningarstarfsemi í skólunum.

framhald

Ávinningur af verkefninu.. framhald

Við höfum nú þegar notað síðuna í kennslu þar sem markmið áfanganna hefur meðal annars verið að auka meðvitund nemenda um hvað sé á döfinni í listum og menningu, auk þess sem að þau hafa sótt heim marga listviðburði.

Síðunni hefur verið vel tekið af nemendum, þótt hún auðlesanleg og viðmótið þægilegt í allri notkun.

Nemendur hafa tekið því mjög vel í að blogga um listviðburði sem að þau hafa sótt.

Mikilvægasta tegund auðs er talinn menningarauður ásamt efnahagslegum auði. Grunnur menningarauðs er lagður á æskuheimilinu þar sem hlúð er að færni í menningu og virðingu fyrir henni. Menningarbrúin tekur við þessu kefli og er jafnframt leið til þess að auka jafnræði og jafnrétti á þessu sviði.

Kynning á vefnum

- Við höfum þegar kynnt vefinn og hugmyndina á Hugarflugi ráðstefnu í Listaháskóla Íslands í febrúar 2015. http://lhi.is/skolinn/rannsoknir/radstefnur/hugarflug_2014-copy/
- Við kynntum vefinn á ráðstefnu í FÁ *Brottfall og brotthvarf* í mars 2015.
- Við munum kynna vefinn fyrir listgreinakennurum sem og öðrum kennurum í framhaldsskólum landsins á komandi hausti.
- Við munum halda áfram að kynna framhaldskólanemendum vefinn.
- Við munum kynna menningarbru.is; í fjölmiðlum, blöðum, útvarpi og sjónvarpi.
- Með aukinni notkun á vefnum kynna list- og menningarstofnanir vefinn.

Áætlun um framhald

- Við munum halda áfram að hafa samstarf við list- og menningarstofnanir (söfn, leikhús, leikhópa, kvikmyndahús, tónlistarhópa- og skóla, listaskóla, listamenn, rithöfunda, o.fl.) og tengja fleiri stofnanir.
- Vefurinn verður í sífelldri mótun og vinnslu og þarf að vera undir stöðugu „eftirliti“ og umsjón.
- Við munum halda áfram að setja inn upplýsingar og bæta við fræðsluefni á vefinn og miðla til kennara og nemenda í framhaldsskólum landsins. Margar stofnanir eiga fræðsluefni sem þær vilja miðla á þessum vettvangi.
- Við viljum auka tengingu við landsbyggðina.
- Við munum tengja þá kennara sem þess óska við vefinn með aðgengi og lykilorði ef þeir vilja setja inn efni undir liðunum **Fræðsla** og kynna nemendum **Spjallið**.

Framtíðarsýn

- Nú þegar eru miklir möguleikar á vefnum og við sjáum fleiri möguleika.
- Í framtíðinni viljum við sjá vefinn það góðan að framhaldsskólanemendur og allir aðrir sem eru að leita að menningartengdu efni fari á síðuna.
- Við viljum sjá síðuna stútfulla af aðgengilegum upplýsingum um listir og menningu, yfirfulla af fræðsluefni um menningu og listir í víðri merkingu, sem vettvang nemenda með hugleiðingum og samskiptum um menningu og listir og einnig sem vettvang þar sem list- og menningarstofnanir koma með fjölbreytt „tilboð“ og erindi til nemenda.
- Að framhaldsskólanemendur verði virkir listnjótendur.
- Að gera vefinn aðgengilegan enskumælandi www.culturebridge.is

Framtíðarsýn.. framhald

Við spyrjum okkur og ykkur:

- Verður í framtíðinni myndræn leiðsögn með Menningarbrúar”appi” í símann á listviðburðum í leikhúsum, á söfnum og sýningum?
- Verður hægt að senda nemendur án kennara á sýningarnar með Menningarbrúar”app” - og fá nemendur frítt inn?
- Í hvaða rýmum verða “hot spot” staðir fyrir nemendur í framtíðinni?

Lokaorð

Með því að gera framhaldsskólanemendum aðgengilegt allt það framboð sem menningastofnanir landsins hafa upp á að bjóða auk fræðsluefni því tengdu erum við að veita nemendum aukin tækifæri til að taka enn frekari ábyrgð á sínu eigin menningarlegu námi og upplifunum. Það að fara á listsýningu að eigin frumkvæði þar sem að efnið er valið eftir þeirra eigin áhugasviði og gefa sér tíma til að skoða og upplifa á eigin forsendum er dýrmæt reynsla sem við viljum að sem flestir tileinki sér og njóti. Þannig er nemandinn gerandi og mótar sín eigin lífsgildi. Í því felast aukin lífsgæði og vellíðan.

Þegar við sóttum um styrk til Sprotasjóðs höfðum við mikla trú á hugmyndinni um menningareflandi framhaldsskóla með tilkomu margmiðlunarvefs eins og þessum. Hugverkið Menningarbrú eins og það er upp byggt með miðlun og fræðslu á list- og menningartengdu efni á ekki sinn líka. Nú er ár liðið frá því við fengum styrkinn. Það er búið að opna vefinn, nemendur og kennarar hafa prufukeyrt hann og eftir stendur að við höfum enn meiri trú á hugmyndinni. Það var gríðarlega mikilvægt að fá styrk eins og þennan frá sjóðnum og viljum við þakka það.

Án stuðnings Sprotasjóðs hefði <http://www.menningarbru.is> ekki orðið að veruleika.

Gréta Mjöll Bjarnadóttir, Hugrún Þorsteinsdóttir, Iðunn Thors